

# Fréttapistill frá forseta Íslands

12. janúar 2020

Af viðburðum nýliðinnar viku í mínu lífi ber hæst hinn frækna sigur strákanna okkar á Evrópumótinu í handknattleik.

Mikið var gaman að fylgjast með þessum frábæra leik. Víst verður að viðurkennast að maður vænti ekki endilega sigurs, mótherjarnir frá Danmörku engir aukvisar, heims- og Ólympíumeistarar. En því sætari varð sigurinn og magnað hvernig Íslendingarnir í höllinni í Malmö gátu löngum stundum yfirgæft stuðningshóp Dana, miklu fjölmennari. Eftir leik fékk ég góðar kveðjur frá dönskum vinum sem lofuðu kraftinn og dugnaðinn í Íslendingum, þessari miklu íþróttþjóð. Ég ítreka hér heillaóskir til liðsins alls og Guðmundar þjálfara. Þessi leikur fer í sögubækur, við hlið fyrsta sigursins gegn Dönum, 15-10 í Laugardalshöllinni 1968. Fyrsti útisigurinn var einnig ljúfur, 18-15 í Randers 1979, að ekki sé minnst á 22-24 sigurinn í Álaborg á sjálfan fullveldisdaginn 1996 þegar sæti var tryggt á næsta heimsmeistaramóti. En nú er bara að fylgja þessum góða sigri gærkvöldsins í Malmö eftir. Áfram Ísland!

Á föstudaginn var flutti ég fyrirlestur í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn, í boði Utanríkismálastofnunar Danmerkur, Det udenrigspolitiske selskab. Þingmaðurinn Bertel Haarder flutti inngangsorð. Haarder var menntamálaráðherra um langt skeið og hefur lengst allra gegnt ráðherradómi frá því að þingræði komst á í Danmörku árið 1901 – sem stuðlaði svo mjög að því að við Íslendingar fengum heimastjórn þremur árum síðar. Erindi mitt bar yfirskriftina „Back from the edge of nowhere. Iceland and the North Atlantic in the great game of geopolitics.“ Rakti ég þar hvernig mikilvægi Íslands í öryggismálum hefur risið og hniðið í augum annarra og hvernig við Íslendingar höfum horft til norðurslóða undanfarin ár og áratugi, ólíkt því sem áður var.

Fyrr í vikunni átti ég ýmsa fundi og sótti viðburði eins og gengur. Hér má geta fundar með Jóhönnu Vigdísi Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Almennaróms, sjálfseignarstofnunar sem vinnur að smíði máltæknilausna fyrir íslensku. Stofnunin vinnur hörðum höndum að því, í samvinnu við stjórnvöld og fyrirtæki innanlands og utan, að tryggja sess íslenskrar tungu í rafrænum heimi. Almennarómur hefur meðal annars unnið að söfnun raddsóma sem nýtast vel í þessum efnum, undir merkjum átaksins Samrómur. Þar getur fólk lagt málefnið lið með því að lesa texta, stuttan eða langan, og safnast þannig smám saman í sarpinn.

Vissulega hefur verið sagt um okkur Íslendinga að við séum ekki með málglöðustu þjóðum – í norrænu samstarfi þykjum við víst eiga þetta sameiginlegt með vinum okkar frá Finnlandi. Hinu er þó ekki að neita að margir landar eiga auðvelt með að hefja upp raust sína við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Og nú er kjörið að láta röddina virkilega heyrast svo gagn sé að – farið á síðuna [www.samromur.is](http://www.samromur.is) og gefið raddsómi!

Í umræðum að loknu erindinu í Kristjánsborgarhöll, sem norðurslóðasérfræðingurinn Martin Breum stýrði, var ég m.a. spurður hvort Íslendingar hefðu ekki áhyggjur af

Þróun mála í þeim heimshluta. Ég vék þá talinu að framtíð íslenskrar tungu í rafrænum heimi. Við verðum einfaldlega að tryggja að við getum rætt við snjallsímana okkar og önnur tæki á íslensku. Sú vinna er hafin, við getum sagt að Embla sé litla systir Siri og Alexu. Embla er app fyrir snjallsíma, enn á þróunarstigi og má fræðast um hana hér: <https://mideind.is/embla.html>.

Í dag, sunnudaginn 12. janúar, fagnar Dorrit Moussaieff sjötugsafmæli. Við Eliza sendum henni heillaóskir og óskum þeim Ólafi Ragnari Grímssyni alls velfarnaðar.

Loks bendi ég á nú er hægt að horfa á nýlegan fyrirlestur Elizu á vegum TEDxBeaconStreet á YouTube. Fyrirlesturinn nefnist Pulling Back the Curtain: Life as a First Lady og má sjá hann hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=iEwcHT1eM9k...> Einnig er hægt að nálgast hann á fésbókarsíðu Elizu, <https://www.facebook.com/elizajeanreid>.

Þessi pistill er skrifaður að kvöldi á Kastrupflugvelli í Kaupmannahöfn þegar óvíst er með ferð heim vegna veðurs. Margir standa í ströngu heima núna, björgunarsveitarfólk komið fólki til aðstoðar á ófærum eða illfærum vegum og einnig má minnast þess hvernig lækna- og hjúkrunarfræðinemar brugðust hárrétt við eftir rútuslys norðan heiða í fyrradag. Nemarnir þökkðu íbúum Blönduóss líka kærlega fyrir gestrisni og hlýjar móttökur eftir óhappið. Samstaða af þessu tagi skiptir máli í samfélaginu. Ég óska öllum á faraldsfæti góðrar ferðar og ítreka þakkir til þeirra sem reyna nú að greiða götu fólks.